

## SKIPULAGSSKRÁ FYRIR DVALARHEIMILIÐ HÖFÐA, AKRANESI

### **1. Nafn, heimili, tilgangur**

- 1.1. Heimilið heitir Dvalarheimilið Höfði. Starfssvæði þess er Akraneskaupstaður og Hvalfjarðarsveit. Heimilið var stofnað 22. júní 1974.
- 1.2. Heimilið starfar í almannabágu samkvæmt gildandi lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999. Aðsetur heimilisins er á Sólmundarhöfða á Akranesi. Varnarþing þess er í Akraneskaupstað. Heimilið er stofnun í eigu sveitarfélaga, í umsjón réttkjörinna fulltrúa eignaraðila heimilisins, sem skipa í stjórн þess.
- 1.3. Tilgangur heimilisins er að starfrækja dvalar-, þjónustu- og hjúkrunarheimili fyrir aldraða og öryrkja í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um slíkan rekstur á hverjum tíma.

### **2. Landsvæði**

- 2.1. Akraneskaupstaður leggur heimilinu til 3 ha. lands við Sólmundarhöfða án endurgjalds. Landið skal afhent heimilinu eftir þörfum á hverjum tíma.

### **3. Eignarhlutföll og stofnframlög**

- 3.1. Akraneskaupstaður á 9/10 í heimilinu, en Hvalfjarðarsveit 1/10.
- 3.2. Stofnframlög eignaraðila og framlög til frekari uppbyggingar mannvirkja skulu vera í hlutfalli við eignarhlutföll

### **4. Rekstrarábyrgð eignaraðila**

- 4.1. Rekstrarframlög og rekstrarábyrgð eignaraðila skal vera í hlutfalli við eignarhlutfall.

### **5. Stjórn**

- 5.1. Stjórn heimilisins skal skipuð 4 mönnum og jafn mörgum til vara. Akraneskaupstaður tilnefnir 3 fulltrúa og Hvalfjarðarsveit 1 fulltrúa. Eignaraðilar skulu tilnefna fulltrúa strax að afloknun sveitarstjórnarkosningum hverju sinni. Varamenn sitja fundi í fjarveru stjórnarmanna.
- 5.2. Kjörtímabil stjórnarmanna er 4 ár. Hætti stjórnarmaður skal varamaður hans taka sæti hans.
- 5.3. Bæjarstjórn Akraness tilnefnir formann stjórnar, en að öðru leyti skiptir nýkjörin stjórn með sér verkum á fyrsta fundi sínum eftir kosningar. Kjósa skal varaformann og ritara.
- 5.4. Stjórnin skal sinna leiðsögu- og eftirlitshlutverki fyrir heimilið. Hún skal beita markvissri stefnumótun og tryggir framkvæmd og reglulega endurskoðun þeirrar stefnu hjá heimilinu. Stjórnin hefur yfirumsjón með því að heimilið starfi samkvæmt skipulagsskrá og almennum lögum. Það er hlutverk sérhvers stjórnarmanns að tryggja velferð heimilisins og árangursríka starfsemi þess.
- 5.5. Stjórnin ákvarðar vistun fólks á heimilinu að fengnum tillögum þjónustuhóps aldraðra sbr. lög um málefni aldraðra nr. 125/1999.
- 5.6. Stjórn heimilisins skal ráða að heimilinu framkvæmdastjóra sem skal hafa umsjón með öllum daglegum rekstri þess. Stjórnin setur framkvæmdastjóra erindisbréf þar sem nánar er tilgreint ábyrgð hans á fjárrreiðum heimilisins

og daglegum rekstri. Um laun og starfskjör framkvæmdastjóra ber stjórn að afla samþykkis eignaraðila.

- 5.7. Í samræmi við ákvæði 3. mgr. 18. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 tilnefnir starfsmannaráð einn fulltrúa með málfreli og tillögurétt.

## 6. Aðalfundur, ársskýrsla, starfsár o.fl.

- 6.1. Stjórn heimilisins heldur aðalfund á tímabilinu apríl – maí ár hvert.
- 6.2. Á aðalfundi skal fjalla um ársskýrslu stjórnar um um starfsemi heimilisins á liðnu starfsári og leggja fram endurskoðaða reikninga fyrir síðastliðið starfsár.
- 6.3. Ársskýrsla og samþykkir ársreikningar skulu send eignaraðilum heimilisins til umfjöllunar og afgreiðslu, heilbrigðisráðuneytinu, Ríkisendurskoðun og öðrum aðilum sem þörf þykir eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings.
- 6.4. Starfsár og reikningsár er almanaksárið.
- 6.5. Endurskoðendur ársreikninga heimilisins skulu vera endurskoðendur Akraneskaupstaðar.

## 7. Stjórnarfundir

- 7.1. Stjórn heimilisins heldur fundi eftir því sem þurfa þykir. Formaður boðar til stjórnarfunda í samráði við framkvæmdastjóra og stýrir fundum. Sérhver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu mála.
- 7.2. Hver stjórnarmaður fer með eitt atkvæði á stjórnarfundum, nema formaður sem fer með tvöfalt atkvæðavægi. Framkvæmdastjóri heimilisins situr fundi stjórnar og hefur þar tillögurétt og málfreli.
- 7.3. Stjórnarfundir eru lögmætir, ef meirihluti stjórnarmanna mætir, enda séu fundir boðaðir með a.m.k. tveggja daga fyrirvara.

## 8. Áætlanagerð og stefnumótun

- 8.1. Eigi síðar en 15. nóvember ár hvert skal stjórn taka fyrir á fundi sínum framkvæmda- og rekstraráætlun heimilisins fyrir næsta starfsár ásamt fjárhagsáætlun, sem send skal eignaraðilum til umfjöllunar og afgreiðslu, svo og öðrum aðilum til upplýsinga, sem leggja heimilinu til tekjur. Stjórn heimilisins afgreiðir starfs- og fjárhagsáætlun fyrir hvert ár og fylgist með framkvæmd hennar.

## 9. Framkvæmdastjóri

- 9.1. Framkvæmdastjóri skal hafa umsjón með daglegum rekstri og ber ábyrgð á fjárrreiðum heimilisins í umboði stjórnar og framkvæmd þeirrar stefnu sem stjórnin hefur mótað.
- 9.2. Framkvæmdastjóri skal í störfum sínum hafa hliðsjón af erindisbréfi sínu og samþykktum stjórnar um þau mál sem honum ber að hafa samráð við stjórn um, eða afla samþykkis stjórnar fyrir.
- 9.3. Framkvæmdastjóri annast ráðningu fastra og lausráðinna starfsmanna í samráði við stjórn og í samræmi við samþykkta fjárhagsáætlun heimilisins hverju sinni. Við ráðningu yfirmanna einstakra deilda og sviða heimilisins ber framkvæmdastjóra að afla samþykkis stjórnar.
- 9.4. Framkvæmdastjóri hefur leyfi til að undirrita skuldbindingar fyrir heimilið í samræmi við fjárhagsáætlun hvers árs. Ekki er heimilt að skuldbinda

heimilið fjárhagslega umfram samþykkta fjárhagsáætlun nema samþykki eignaraðila liggi fyrir.

#### 10. Tekjur

- 10.1. Fastar tekjur heimilisins eru árleg framlög frá Tryggingastofnun ríkisins vegna dag- og vistgjalfa skv. lögum um málefni aldraðra. Þess utan þær tekjur, sem heimilinu er gefið með framlögum eða öðrum hætti. Halda skal utan um slíkar gjafir með sérstökum gjafasjóði. Fjárfamlög og gjafir eru frádráttarbær til skatts, sbr. ákvæði laga um tekju- og eignarskatt nr. 90/2003 með áorðnum breytingum.

#### 11. Lántaka

- 11.1. Stjórn heimilisins er heimilt að taka lán fyrir rekstri heimilisins eða uppbyggingu, enda sé gert ráð fyrir slíku í samþykktri fjárhagsáætlun heimilisins eða eignaraðilar hafa samþykkt slíkt sérstaklega.

#### 12. Breytingar á skipulagsskrá

- 12.1. Breytingar á skipulagsskrá þessari verða eigi gerðar nema til komi samþykki minnst 2/3 hluta atkvæða stjórnar heimilisins og staðfesting eignaraðila þess.

#### 13. Slit á samstarfi

- 13.1. Ef aðili að samstarfi um rekstur heimilisins ákveður að ganga úr samstarfinu þarf að tilkynna það öðrum samstarfsaðilum í síðasta lagi 30. júní og skal úrsögnin taka gildi við önnur áramót eftir uppsögn, þ.e.a.s. hið minnsta 18 mánuðum síðar. Við úrsögn skulu aðilar semja um uppgjör á eignarhluta þess aðila sem gengur úr samstarfinu.
- 13.2. Þótt samstarfinu væri sagt upp breytist ekki framlag Akraneskaupstaðar um landsvæði undir heimilið.

#### 14. Gerðardómur

- 14.1. Náist ekki samkomulag um uppgjör á eignarhluta þess aðila sem gengur úr samstarfinu skal Akraneskaupstaður tilnefna einn aðila í gerðardóm, Hvalfjarðarsveit tilnefnir annan aðila og þriðji aðilinn skal tilnefndur af sýslumanninum á Akranesi. Skal þessi þriggja manna gerðardómur leggja mat á hvað sé eðlilegt endurgjald fyrir það stofnfé sem viðkomandi sveitarfélög hafa lagt til uppbyggingar heimilisins. Niðurstaða gerðardóms er bindandi fyrir eignaraðila.

#### 15. Önnur ákvæði

- 15.1. Skipulagsskrá þessi tekur gildi 1. janúar 2008. Hún skal send eignaraðilum til staðfestingar og að fenginni staðfestingu skal hún send heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytinu.
- 15.2. Réttindi og skyldur aðila samkvæmt eldri skipulagsskrá frá 12. maí 2006 skulu haldast óbreytt fram að gildistöku þessarar, en eldri skipulagsskrá fellur niður við gildistöku þessarar, án frekari aðgerða af hálfu aðila.

Akranesi, 20. desember 2007,

F.h. Akraneskaupstaðar:

F.h. Hvalfjarðarsveitar: